

Mánudaginn 1. febrúarmán.

Nr. 21/1908:

Hannes Thorsteinson  
fyrir hönd Salomon Davidsens  
gegn  
Guðmundi Jónassyni.

D ó m u r:

Mál þetta var höfðað fyrir gestarétti Dalasýslu af hálfu áfrýjanda Salomon Davidsens stórkaupmanns í Kaupmannahöfn gegn hinum stefnda Guðmundi Jónassyni kaupmanni í Skarðsstöð til greiðslu á skuld að upphæð 4037 kr. 50 a. ásamt 7% ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags, en stefndi höfðaði þá gagnsök á hendur áfrýjanda, og krafðist þess að verða sýknaður í aðalmálinu og að áfrýjandi yrði dæmdur til að greiða sér 5352 kr. 28 a. ásamt 7% ársvöxtum. Lauk málum þessum svo, að með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 16. nóvbr. 1907, voru báðir málsaðilar sýknaðir, hvor af annars kröfum, og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 6. maí 1908, og krafist þess, að stefndi verði skyldaður til að greiða honum 3783 kr. 64 a. auk 6% ársvaxta frá 14. sept. 1907 til stefnudags 20. s. m. og 7% ársvaxta frá stefnudegi til borgunardags, svo og allan málskostnað fyrir báðum réttum að skaðlausu, en að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að því er gagnsóknina snertir.

Hinn stefndi hefir frá sinni hálfu gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 25. ágúst 1908, og krafist þess í aðalmálinu, að gagnstefnandi verði að fullu og öllu sýknaður

af kærnum og kröfum aðalstefnanda, að S. Davidsen verði dæmdur til þess að gjöra sundurliðaða skilagrein fyrir öllum viðskiftum málsaðila frá byrjun ársins 1903 til dato, svo og að láta af hendi skjöl og skilríki, er nákvæmar hafa verið tilgreind í undirrétti, að viðlögðum dagsektum, og í gagnmálinu, að hinum áfryjaða dómi verði breytt þannig, að aðaláfryjandi verði skyldaður til að greiða hina umstefndu upphæð 5352 kr. 28 a. ásamt 7% ársvöxtum frá því skuldin féll í gjalddaga til borgunardags, til vara vexti frá sáttakærudegi til borgunardags, og að gagnstefnanda verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum.

Með bréfi dags. 5. mars 1906 gjörðu málsaðilar þann samning sín á milli, að áfryjandi, Salomon Davidsen, lofaði stefnda lánstrausti hjá sér eða reikningsláni alt að 25000 kr., en stefndi skuldbatt sig hins vegar til að greiða skuld sína fyrir árslok hver, eins og hún væri eftir reikningum, gjörðum upp í hverjum desembermánuði skaðlaust, á skrifstofu S. Davidsens Brogade 3 í Kaupmannahöfn, og segir enn fremur í samningnum, að útskrift úr löggiltri höfuðbók Davidsens skuli á hverjum tíma sem er vera fullgild sönnun fyrir skuld stefnda við áfryjanda, Hefir áfryjandi nú að fengnu konungsleyfi til að leggja fram ný sönnunargögn, lagt fram notarialter staðfesta útskrift úr löggiltri höfuðbók sinni og ber útskriftin með sér, að stefndi skuldaði áfryjanda að meðtöldum vöxtum til 14. sept. 1907 hina umstefndu upphæð 3783 kr. 64 a., og hefir áfryjandi samkvæmt þessu fært kröfu sína niður um 253 kr. 86 a. frá því er hann hafði krafist í undirrétti, en þetta stafaði af misskilningi umboðsmanns áfryjanda í vaxtareikningi.

Stefndi hefir mótmælt kröfu þessari, og hefir hann haldið því fram, að ákvæði samningsins 5. marz 1906 um sönnunargildi höfuðbókarútskriftarinnar geti ekki átt við skuld, sem stofnuð sé fyrir 5. marz 1906, en það sé hin umstefnda skuld, og fari því með hana eftir samningi málsaðila 17. apríl 1903, sem eigi feli í sér eins hörð sönnunarákvæði og síðari samningur málsaðila, en afleiðingin af þessu sé það, að áfryjandi sé skyldur til að koma fram með sundurliðaða skilagrein fyrir öllum viðskiftum málsaðila frá byrjun ársins 1903 og láta af hendi »slutseðla« um kaup og sölu á vörum fyrir stefnda svo og frumreikninga fyrir öllum útgjaldaliðum, og sérstaklega hefir stefndi tekið fram, að hinn framlagði reikningur sé rangur að því leyti, að áfryjanda hafi verið óheimilt eftir samningnum 17. apríl 1905 og 5. marz 1906 að taka provision af váttryggingariðgjöldum, sem hann hafi lagt út fyrir stefnda.

Samkvæmt reikningi þeim yfir viðskifti stefnda við aðaláfryjanda, er fram var lagður í undirrétti (undirréttarskjal nr. 4) skuldaði stefndi áfryjanda hinn 5. marz 1906, er síðari samningurinn var gjörður, 5786 kr. 83 a. en hinn 13. s. m. hefir stefndi greitt áfryjanda 5800 kr., og verður að fallast á þá skoðun áfryjanda, að greiðsla þessi hafi fyrst og tremst gengið til þess að greiða hina umstefndu skuld stefnda við aðaláfryjanda, er til var orðin þegar síðari samningurinn var gjörður, enda ber að sjálf-sögðu að líta svo á, að samningurinn 5. marz 1906 hafi komið í stað hins eldra samnings frá 17. apríl 1903, þannig að hann þar með hafi fallið burtu. Málsskjölin bera það og með sér, að enginn greinarmunur hefir verið gjörður á skuld stefnda við áfryjanda, er til var orðin

fyrir 5. marz 1906, og síðari viðskiftum þeirra, eða að stefndi hafi gjört nokkra kröfu til að þeirri skuld væri haldið sér. Ákvæði hins síðari samnings eiga því við um skuld þá, er stefndi var í við aðaláfrýjanda, er mál þetta var höfðað.

Viðvíkjandi mótmælum stefnda gegn réttmæti skuld-arinnar og kröfu hans um ítarlegri reikningsskil, þá hefir áfrýjandi ómótmælt haldið því fram, að stefnda hafi verið sendur ítarlegur reikningur við hver áramót, og auk aðalreikningsins hafi honum jafnóðum verið sendir sér-reikningar um innkaup á vörum og vörureikningar, og hafi stefndi aldrei fundið að því, að það er hann meðtók frá Davidsen eða sendi honum í hvert skifti, hafi ekki komið heim við reikninga, yfir höfuð að tala hafi stefndi aldrei fundið að neinu atriði í reikningum áfrýjanda, og hafi hann þar með samþykkt hvern einstakan lið; þá hefir áfrýjandi mótmælt því, að á sér hvíli nokkur skylda til að láta af hendi skjöl þau, er stefndi heimtar, og sé hin framlagða útskrift úr verzlunarbókunum samkvæmt samningum málsaðila full sönnun fyrir því, að skuld stefnda sé rétt.

Það verður nú að fallast á það, að það hafi verið skylda stefnda innan hæfilegs tíma eftir móttöku hvers ársreiknings að gjöra þær aðfinslur við reikninga áfrýjanda, er hann áleit ástæðu til, og jafnframt að heimta þau skjöl, er hann áleit nauðsynleg til að vernda rétt sinn, en þar sem hann hefir ekki gjört þetta, þá verður að álíta að hann hafi samþykkt reikningana og geti ekki úr þessu véfengt þá, nema því að eins, að hann geti sannað, að þeir séu ekki réttir, en það hefir stefndi ekki gjört, þar sem hann ekki hefir véfengt neinn einstakan lið reikn-

ingsins, nema að því er snertir rétt áfrýjanda til að reikna sér provision af útlögðum váttryggingargjöldum. Að áfrýjanda hafi verið þetta óheimilt byggir stefndi á því, að í samningnum stendur: »For Tegning af saavel Sösom Brandassurance beregnes ingen Provision«. En í þessu ákvæði liggur ekki annað en það, að áfrýjanda sé óheimilt að reikna sér Provision af váttryggingarupphæðum, og verður því ekki á því byggt, að áfrýjandi hafi ekki haft rétt til að reikna sér provision af váttryggingariðgjöldum, er hann leggur út fyrir stefnda, en heimild áfrýjanda til að reikna sér provision af gjöldum þessum liggur í hinu almenna ákvæði samningsins, að Davidsen hafi rétt til að reikna sér 2 % provision af því, er hann lánar stefnda. Mótmæli stefnda gegn hinni umstefndu skuld verða samkvæmt þessu ekki tekin til greina

Að því er gagnkröfur stefnda snertir, þá eru þær ekki byggðar á neinum sjálfstæðum kröfum, heldur lúta að því, að ekki hafi staðið heima vikt á útlendum og innlendum vörum, er málsaðilum hefir farið á milli, að ýmsum kostnaði, er aðaláfrýjandi hefir fært stefnda til skuldar, t. d. fyrir keyrslu o. fl. og að váttryggingariðgjöldum, er áfrýjandi hefir fært stefnda til skuldar. En alt þetta eru aðfinslur við reikninga aðaláfrýjanda, er ekki hafa fram komið í tæka tíð, og verða því kröfur þessar gegn mótmælum aðaláfrýjanda ekki teknar til greina, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að þessu leyti.

Yfirdómurinn verður að vera aðaláfrýjanda samdóma um það, að þessi klausa í vörn og gagnsókn stefnda 14. sept. f. á.: Tilraun til óheiðarlegs fjádráttar litur þetta út fyrir að vera og er engan veginn sam-

boðin slíkum manni eða félagi eins og S. Davidsen vill láta álíta sig, sem ástæðulaus og meiðandi fyrir aðaláfrýjanda, og verður því eftir kröfu hans að dæma hana dauða og ómerka.

Eftir framangreindum úrslitum málsins ber stefnda að greiða aðaláfrýjanda í málskostnað fyrir báðum réttum 120 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Guðmundur Jónasson kaupmaður í Skarðs-stöð greiði aðaláfrýjanda Salomon Davidsen í Kaupmannahöfn 3783 kr. 64 a. með 6% vöxtum frá 14. sept. 1907 til 20. s. m. og 7% vöxtum p. a. frá 20. sept. 1907 til borgunardags og í málskostnað 120 kr.

Að því er gagnsóknina snertir, staðfestist hinn áfrýjaði dómur.

Dómi þessum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagri aðför að lögum.

Mánudaginn 8. febrúarmán.

Nr. 36/1908: Firmað Chr. Nielsen í Kaupmannahöfn  
 gegn  
 alþingismanni Jóni Jónssyni frá Múla.

D ó m u r:

Árið 1899 settu nokkrir menn á stofn á Seyðisfirði félagsverzlun, er eingöngu skyldi verzla með drykkjarföng